

## FUNDARGERÐ

358. fundur stjórnar Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni, haldinn 18. mars 2015 kl. 15.00 í fundarsal FEB að Stangarhyl 4.

Mættir voru: Þórunn Sveinbjörnsdóttir, Birna Bjarnadóttir, Brynjólfur Sigurðsson, Ellert B. Schram, Erna Indriðadóttir, Esther Ú. Friðþjófsdóttir, Hrafn Magnússon, Ragnhildur G. Guðmundsdóttir, Reynir Vilhjálmsson, Anna Þrúður Þorkelsdóttir og Gísli Jafetsson sem ritar fundargerð. Forföll boðaði Birna Bjarnadóttir

Þetta gerðist:

Formaður setti fundinn. Fundargerð síðasta fundar samþykkt.

1. Störf stjórnar á vormánuðum  
Fundardagar verða þannig fram á sumar; 14. apríl, 12. maí, 9. júní allir kl. 15.00  
Starfsdagur / aukafundur stjórnar verður 20. apríl – sjá lið 5.  
Félagsskírteini og Afsláttarbók eru í prentun og koma í lok vikunnar.  
Rætt um nefndir og störf þeirra á vormánuðum.  
Vegna lóðar í Árskógum þá verður undirrituð viljayfirlýsing við Reykjavíkurborg á næstunni og þá kemur til kasta stjórnar, byggingarnefndar og félagsfundar. Enn var rætt hvort ástæða væri fyrir félagið að standa að húsbyggingum, en til að svo verði þarf samþykki félagsfundar.  
Annað sem í gangi er á næstunni;  
-Átak um öryggi eldri ökumanna – samstarf við Samgöngustofu.  
Haldnir hafa verið fundir Samgöngustofu og þegar hefur verið haldinn einn rýnifundur meðal valins hóps félagsmanna og unnið er að framsetningu námskeiðs fyrir félagsmenn á ákveðnum aldri.  
-Tungumálanámskeið , enska og spænska eru í undirbúningi og verður boðið upp á slík námskeið í vor ef þátttaka fæst. Hérna er m.a. verið að svara kröfum félagsmanna.
2. Fjármál félagsins  
Lögð fram endurskoðuð rekstaráætlun fyrir árið 2015 þar sem búið er að taka inn breyttar forsendur m.v. ákvörðun fundar um félagsgjald svo og lægri styrks frá Rvkborg.  
Erfitt er að láta gjöld og tekjur vegna félagstarfs og ferða haldast í hendur vegna hækkunar margra þátta.  
Samþykkt að framkvstj. taki saman allan kostnað vegna Stangarhyla 4 á síðasta ári þannig að unnt sé að skoða hvort ástæða er til þess fyrir félagið að eiga sjálft sitt húsnæði.
3. Endurskipun nefnda og nýjar nefndir  
Fyrsti fundur bygginganefndar var í morgun (18. mars) og í síðustu viku var fundur í ritnefnd þar sem línur voru lagðar um efnisval fyrir blaðið sem kemur út í vor. Aðrar nefndir eru einnig að fara stað m.a. nefnd um hreyfingu og mataræði, sömuleiðis er „Sighvatsnefnd“ að hefja störf.
4. Nýtt félagsskírteini og nálgun við fólk fætt árin 1949 – 1952  
Nokkuð rætt um mikilvægi þess að félagið skapi sér / hafi „réttta ímynd“ í huga þess aldurshóps sem höfðað verður til og fjalli auk annars um þau málefni sem helst brenna á þessum yngri hópi, svo sem starfslok.  
Samþykkt að senda út bréf um félagsaðild til árganga 1949 – 1952.  
Erna I. og Gísli J. vinni að málinu og komi fram með hugmyndir/tillögur fyrir fundinn 20. apríl.
5. Vinnufundur stjórnar  
Samþykkt að vinnufundur stjórnar verði 20. apríl kl. 10 – 15.00 í Stangarhylnum.
6. Verkefni og skipulag hjá FEB  
Formaður fór yfir starfseminu í húsinu/skrifstofu, breytingar í starfsmannahaldi /

fækkun starfsmanna hjá FEB. Spurning hvort of mikil fækkun hafi orðið, því ljóst er að mikið álag er á núverandi starfsmenn Ekkert ákveðið.

7. Landsfundur LEB

Landsfundur LEB verður 5. – 6. maí. Farið var yfir hverjir verða fulltrúar FEB á landsfundinum.

8. Önnur mál

- Greint frá áttakinu „Glögg er gests augað“ og samstarfi FEB og Landsbjargar varðandi heimsóknir til þeirra sem eru 76 ára á árinu.
- Þórunn greindi frá fyrsta fundi í Öldungaráði Reykjavíkurborgar.
- Ástand á vinnumarkaði og lífeyrissjóðir. Hvernig er staðið að hækkunum hjá TR og lífeyrissjóðum þegar hækkanir verða á alm. markaði – sjá greinargerð Björgvins Guðmundssonar
- Hvernig er hægt að styðja við bakið á kjaranefnd og góðum greinarskrifum Björgvins Guðmundssonar. Tillaga um að finna til ákveðna þingmenn sem félagið myndi ræða við og skýra mál sitt. Rætt frekar á fundi kjaranefndar 9. apríl.

Næsti fundur stjórnarinnar er settur á þriðjudaginn 14. apríl kl. 15.00.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 16.55.